

Íslenska kalkpörungafélagið ehf
Hafnarsteigi 4
465 Bíldudalur

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
16. sep. 2011 8.8.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. september 2011
Tilvísun: UST20100600055/edk

Áform um dagsektir og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í mæliniðurstöður sem bárust stofnuninni 5. september sl. og bréf stofnunarinnar dagsett 19. apríl 2011 þar sem Íslenska kalkpörungafélaginu ehf. var veitt áminning sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem losunarmörk starfsleyfis voru ekki uppfyllt, sbr. ákvæði 2.1. Jafnframt gerði Umhverfisstofnun kröfu um uppsetningu fullnægjandi hreinsibúnaðar eða aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar væru til þess að ákvæði starfsleyfisins yrðu uppfyllt fyrir 15. júní 2011.

Mæliniðurstöður úr mælingu 14. júní sl. sem bárust stofnuninni 5. september sl. sýna að meðaltal útblástursgilda fyrir ryk var þá 33 mg/Nm^3 , en samkvæmt ákvæði 2.1 í starfsleyfi skal rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið, fyrir klukkustundar meðalgildi vera minna en 20 mg/Nm^3 miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi uppsprettu. Ástandið er því enn ekki viðunandi að mati Umhverfisstofnunar.

Kvartanir eru enn að berast Umhverfisstofnun vegna rykmengunar frá verksmiðjunni. Alls hafa stofnuninni borist yfir 30 kvartanir vegna fyrirtækisins frá því verksmiðjan tók til starfa. Síðasta kvörtunin barst 14. september 2011.


Útblástur ryks frá Íslenska kalkpörungafélaginu ehf er enn yfir leyfilegum losunarmörkum, sbr. ákvæði 2.1. í starfsleyfi. Í ljósi þessa áformar stofnunin að beita dagsektum þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998. Stofnunin áformar að leggja dagsektir á rekstraraðila að upphæð kr. 25.000 á dag frá og með 19. október 2011 til 19. desember 2011 en þá mun upphæð dagsekta hækka í kr. 50.000.


Umhverfisstofnun veitir hér með Íslenska kalkpörungafélaginu frest til 3. október 2011 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1994.

Beri ofangreindar þvingunaraðgerðir ekki árangur í losun verksmiðjunnar á ryki í útblæstri innan 6 mánaða/fyrir 19. apríl 2012 mun Umhverfisstofnun grípa til frekari aðgerða svo tryggja megi að skilyrði starfsleyfis verði uppfyllt. Taka yrði þá til skoðunar hvort nauðsynlegt sé að takmarka starfsemina á einhvern hátt eða jafnvel svipta rekstraraðila starfsleyfi ef ekki er líklegt að viðunandi ástand náist.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ákvörðun um dagsektir mun verða birt á vefsetri Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsetri sínu sjónarmið fyrirtækisins.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Kristján Geirsson
Deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða